

Fornleifarannsóknir í S-Þingeyjarsýslu 2006.

- Samantekt um vettvangsrannsóknir í Skuldaþingsey, Þegjandadal, á Litlu-Núpum, og Fljótsheiði.



Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Howell Magnús Roberts og Oscar Aldred.



FS-331

Fornleifastofnun Íslands

Reykjavík 2007



© Fornleifastofnun Íslands 2006

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Kápu mynd: Frá Litlu-Núpum, horft til suðurs.

Efni:

Inngangur	4
Uppgröftur hjá Litlu-Núpum í Aðaldal	5
Skuldaþingsey	8
Þegjandadalur. Fornleifaskráning 2006.....	11
Forn garðlög hjá Narfastöðum í Reykjadal.....	14

Inngangur

Þann 2. október 2004 var hið þingeyska fornleifafélag stofnað. Það hófst þegar handa við að efla rannsóknir á fornri, íslenskri menningu og miðla afrakstri þeirra til almennings og gestkomandi í héraðinu. Er það stefna félagsins að auka vægi menningararfsins í ferðaþjónustu með rannsóknum og öðrum framkvæmdum sem gera munu áhugaverða minjastaði aðgengilega fyrir ferðafólk. Árið 2005 stóð félagið, í samstarfi við Fornleifastofnun Íslands ses, m.a. fyrir rannsóknum í Þingey, á Þegjandadal og í Reykjadal. Árið 2006 jukust umsvif félagsins. Síðari áfanga fornleifaskráningar á Þegjandadal var lokið, í framhaldi af rannsóknum í Þingey var grafið í minjar í Skuldaþingsey, eins var grafið í leifar eyðibýlisins Litlu-Núpa í Aðaldal og loks í forn garðlög víða í sýslunni.

Þátttakendur í verkefnunum voru Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Howell Magnús Roberts, Oscar Aldred, Freya Sadarangani, James Taylor, Ramona Harrison, Óskar Gísli Sveinbjarnarson, Stefan Ólafsson, og Sólveig Guðmundsdóttir Beck.

Stjórn félagsins, ásamt landeigendum og öðrum gestgjöfum er þökkueð margvísleg liðveisla.

Í þessari skýrslu er birt stutt samantekt á fornleifarannsóknum sem unnar voru á félagsins sumarið 2006.

Uppgröftur hjá Litlu-Núpum í Aðaldal

Nyrst á Hvammsheiði, í grónum hvammi við austurbakka Laxár, er eyðibýli sem kallað hefur verið Litlu-Núpar. Það var nyrst í landi Núpa í Aðaldal, en heyrir nú undir Laxamýri.

Árið 1915 fundust þar fyrir einskæra tilviljun leifar af kumlum, þ.e. gröfum úr heiðni.¹ Kumlin eru í jaðri ytra garðlagsins sem umlykur Litlu-Núpa, um 300 m norðaustan við tóftir eyðibýlisins. Árið 2004 var kumlastaðarins leitað og gerð þar eftirrannsókn.² Fundust þá 2 kuml til viðbótar sem staðfestu að á Litlu-Núpum hefur verið kumlategur, þ.e. grafreitir úr heiðni. Líkur eru á að þar leynist enn fleiri grafir og er fyrirhugað að rannsaka leifar kumlategsins enn frekar.

Kumlin gefa vísbendingu um að byggð hafi verið hafin á Litlu-Núpum þegar á landnámsöld. Þau eru fremur eðlilegt kumlstaði frá eyðibýlinu, en fjarri öðrum bæjum. Þó ber ekki að útiloka að um tilviljun geti verið að ræða. Staðurinn er á gömlu merkjunum milli Laxamýrar og Núpa, og reyndar sérkennilegu í horni á mörkum milli Aðaldalahrepps og Reykjahrepps. Loks liggur þar forn leið, en algengast er að kuml finnist við leiðir og á merkjum.


Engar traustar heimildir eru til um upphaf byggðar og sögu búsetunnar á Litlu-Núpum. Örnefnið gæti verið tilbúningur, ágiskun um að þar hafi verið e.k. hjáleiga eða afbýli frá Núpum. Þó gæti allt eins verið að byggð hafi hafist síðar á Núpum, eða Núpabær fluttur sunnar með ánni á síðari öldum.

Það voru spurningar af þessu tagi sem hafðar voru í huga er undirbúningur hófst að áframhaldandi rannsókn á Litlu-Núpum. Auk kumlanna og bæjarstaðisins, er á annan tug tófta og gerða þvers og kruss um hvamminn sem bærinn stóð í.

Sumarið 2006 var gerð rannsókn á 3 stöðum. Vettvangsvinnan fór fram dagana 22. til 25. ágúst. Howell Magnús Roberts stjórnaði uppgreftinum og honum til aðstoðar voru Freya Sadarangani, James Taylor, og Ramona Harrison.

¹ Kristján Eldjárn & Adolf Friðriksson (2000) *Kuml og haugfé*, Reykjavík.

² Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir, et al. (2005) *Kumlin hjá Litlu-Núpum í Aðaldal. Fornleifarannsókn 2004*, Fornleifastofnun Íslands, FS271-03264, Rv.



Mynd 1. Litlu-Núpar. Myndin er tekin úr vestri, og sýnir legu minja sem grafið var í 2006. (Ljós. Árni Einarsson).

Á Litlu-Núpum eru nokkur garðlög, og tvö þeirra ná að mestu utan um allar sýnilegar mannvirkjaleifar. Áherslan að þessu sinni var lögð á að kanna minjar nyrst á svæðinu innan ysta garðlagsins. Í brekkunni upp af ánni, og á milli ysta garðlagsins og þess næsta fyrir innan eru tvær aflangar tóftir, er snúa u.þ.b. eins við áttum, þ.e. N-S. Minnir lögum þeirra óneitanlega á fornar skálabyggingar. Voru þær (tóft 1 og 2) báðar kannaðar sumarið 2006. Nokkru sunnar er enn tóft (tóft 3), sem er áföst innra garðlaginu, og var hún einnig rannsökuð.

Grafnir voru mjóir könnunarskurðir, einn í hvora af aflöngu tófunum. Í ljós kom að veggir tóftanna virðast hafa hrunið til vesturs, þ.e. niður hallann. Innan tóftanna fannst enginn vottur af gólfi, né gripir eða bein. Samkvæmt afstöðu gjóskulaga má ætla að þessi mannvirki séu bæði yngri en frá 950, og löngu fallin úr notkun um 1477.


Í skurði þriðju tóftarinnar kom í ljós breiður og voldugur torfveggur, a.m.k. 1 m breiður. Hefur hann verið reistur úr þremur mismunandi torfhnausum. Neðri hleðslurnar tvær virðast innihalda gjósku frá 950, en í efstu hleðslunni er örmjótt, hvítt lag sem líklega er gjóska frá 1104/1158. Yfir veggnum liggur gjóskulag sem líklega er frá 1477. Við vegginn fundust leifar af gólflagi, úr lífrænu efni, husganlega rotnandi heyi, og stoðarholur, stórar og allmargar. Svo virðist sem húsið hafi haft nokkra yfirbyggingu úr timbri. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi mannvirki gegndu, en má vera að nyrstu tóftirnar tvær hafi verið e.k. gripahús og sú þriðja

kann að hafa verið hlaða. Öll eru húsin frá miðöldum, en líklega yngri en kumlin uppi á brekkunni fyrir ofan.



Mynd 2. Tóft 3 á Litlu-Núpum.

Skuldaþingsey



Árið 2005 var gerð rannsókn á minjum í Þingey sem leiddi m.a. í ljós að þar væru vel varðveittar leifar frá þinghaldi í eynni á miðöldum. Kunnugt hefur verið um mikla túftaþyrpingu í Skuldaþingsey einnig. Staðurinn var mældur upp árið 2004.³ Minna túftirnar vissulega á þá staði þar sem bent hefur verið á leifar þingstaða annarsstaðar á landinu, en sérkennilegt má þykja ef þingstaðir hafi verið í báðum þessum samliggjandi eyjum í Skjálfandafljóti.

Mynd 3. Kortið af túftaþyrpingunni í Skuldaþingsey

Til að reyna að ganga úr skugga um aldur minja í Skuldaþingsey og fyrra hlutverki þeirra, var gerð rannsókn á einni túft, sem liggur nyrst og austast á staðnum. Vettvangsvinnan fór fram dagana 14. til 21. ágúst. Howell Magnús Roberts stjórnaði uppgreftinum og honum til aðstoðar voru Freya Sadarangani, James Taylor, og Ramona Harrison.



Mynd 4. Upphaf rannsóknar á túft 17.

³ Orri Vésteinsson, Árni Einarsson & Magnús Á. Sigurgeirsson (2004), A New Assembly Site in Skuldaþingsey, NE-Iceland. *Current Issues in Nordic Archaeology. Proceedings of the 21st Conference of Nordic Archaeologists, September 6th-9th 2001, Akureyri*. Garðar Guðmundsson, Rv. 171-79.



Mynd 5. Suðvesturhorn og dyr tóftarinnar.

Tóftin er ferhyrnd og aflöng, um 11 x 5 m. Grafnir voru tveir andstæðir fjórðungar tóftarinnar. Í ljós komu torfveggir, allt að 1 m þykkir. Vesturveggur tóftarinnar reyndist vel varðveittur, en austurveggurinn var hruninn. Á suðvesturhorni eru dyr, og þar við þunnt og slitrótt gólflag. Byggingin hefur verið lítillega niðurgráfin, þ.e. gólflöturinn er um 15 sm lægri en yfirborðið sem hann er grafinn niður úr. Uppgröfturinn hefur verið notaður sem efni í vegginn.



Mynd 6. Tóft 17. Á myndinni sést að tóftin er niðurgráfin.

Sjá mátti einstök spaðaför innan hússins, í óhreyfða jarðveginum undir veggnum. Húsið hefur verið reist eftir að gjóskan frá u.þ.b. 950 féll. Þessi gjóska hefur verið skorin þegar grafið var fyrir húsinu, og hún er einnig í torfinu í veggjum þess. Vottar fyrir viðgerð á veggjunum, eða a.m.k. innskot af torfhnausum sem skera sig úr aðalhleðslunni. Byggingin var löngu fallin úr notkun er gjóskulagið 1477 féll.

Fáein dýrabein fundust við uppgröftinn en engir gripir. Yfirbragð tóftarinnar og ummerki minna vissulega á tóftir sem grafnar hafa verið upp á þingstöðum og eru líklega leifar þingbúða. Tímasetning minjanna fellur að því skeiði er vorþing voru haldin hér á landi. Niðurstaða þessarar takmörkuðu rannsóknar kallar á frekari athuganir á minjum í bæði Skuldaþingsey og Þingey, þar sem leitast yrði við að kanna hvort minjarnar séu samtíða, eða hvort þingið kunni að hafa verið flutt úr einum stað í annan.




Mynd 7. Frá Skuldaþingsey 2006.

Þegjandadalur. Fornleifaskráning 2006

Á Þegjandadal eru á annað hundrað vel varðveittra minja frá u.þ.b. 6-7 býlum sem þar voru fyrr á tíð. Talið er að Þegjandadalur hafi farið í eyði á 15. öld. Fyrstu niðurstöður skráningar á dalnum leiddu í ljós umfangsmiklar búsetuminjar frá miðöldum sem ótrúlega lítið hefur verið raskað á síðustu öldum og áratugum, þrátt fyrir að dalurinn hafi ætíð verið nýttur sem upprekstrarland af bændum í nærsveitum allt frá því hann fór í eyði. Á dalnum er m.a. að finna reisulega bæjarhóla, fjöldann allan af útihústóftum, margfalda vallargarða og margra kílómetra langt kerfi garða sem hefur markað landareignir og girt af beitarland frá heimalandi. Auk þessa er heillegar leifar bænhestófta og kirkjugarða að finna á tveimur bæjum í dalnum vestanverðum.

Fornleifar á dalnum voru skráðar í tveimur áföngum og sumarið 2006 var unninn seinni áfanginn. Haldið var áfram skráningu þar sem frá var horfið 2005 og innsta jörðin í vestanverðum dalnum, Einarsstaðir, skráð auk allra minja í austanverðum dalnum. Er þar með lokið skráningu á Þegjandadal. Samtals var skráður svipaður fjöldi minja og 2005 eða 70-90 fornleifar. Skráningin í Þegjandadal fór fram á tveggja vikna tímabili í júlilok og var gerð af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur, Stefáni Ólafssyni og Sólveigu Beck

Mjög umfangsmiklar minjar voru skráðar á Einarssstöðum í Þegjandadal vestanverðum en minjar á austanverðum dalnum reyndust heldur umfangsminni en þær sem er að finna á dalnum vestanverðum. Tvær skýringar eru mögulegar á þessum mun, annars vegar er mögulegt að búseta í austurhlíð dalsins hafi aldrei verið eins blómleg og í vesturhluta dalsins enda hlíðin austanmegin mun brattari og undirlendi víða minna en á vestanverðum dalnum. Önnur skýring á umfangsminni fornleifum á austanverðum dalnum er sú staðreynd að þar hafa verið ræst fram tún og meiri ræktun átt sér stað á undanförunum áratugum heldur en í vestanverðum dalnum. Engu að síður er enn að finna leifar um bæjarstæði, túngarða, útihús og umfangsmikil garðlög í þessum hluta, líkt og í vesturhluta Þegjandandals, þó þessar minjar séu brotakenndari en þær sem eru vestan ár.



Mynd 8. Kortið sýnir dreifingu minja á Þegjandadal.

Ljóst er að á Þegjandadal er að finna afar umfangsmiklar fornleifar og sennilegast að flestar þeirra séu frá því tímabili áður en dalurinn fer í eyði sem gjarnan er talið fyrir 16. öld. Dalurinn er heillandi viðfangsefni, enda er þar að finna heildstæðar leifar menningarlandslags frá tímabili sem enn hefur lítið verið rannsakað með fornleifafræðilegum aðferðum. Auk þessa gæti dalurinn hentað vel til kynningar fyrir heimamenn jafnt sem ferðamenn og ljóst er að þeim upplýsingum sem safnað hefur verið um fornleifar á dalnum mætti vel nota til að auka gildi dalsins sem göngusvæði, s.s. með skiltum, bækingum og kortum.




Mynd 9. Tvígarðar. Garðlögin liggja beggja vegna Kálfalækjar, innst á Þegjandadal.

Forn garðlög hjá Narfastöðum í Reykjadal


Víða um S-Þingeyjarsýslu eru leifar af afar fornum garðlögum. Lítið hefur verið vitað um aldur þeirra og hlutverk, en nú eru hafnar skipulagðar rannsóknir sem munu væntanlega auka við nýrri þekkingu á þessum mannvirkjum.⁴ Garðlögin hafa verið kortlögð á síðustu árum, en sumarið 2005 var gerð rannsókn með uppgrefti á garðlögum í nágrenni Narfastaða í Reykjadal. Í ljós kom að eitt garðlagið er a.m.k. eldra en frá miðri 12. öld. Líklegt er að elsta

garðlagið hafi verið reist fljótlega eftir að landnám hefst.



Mynd 10. Garðlög í S-Þingeyjarsýslu. Merktir eru inn staðir þar sem könnunargróftur hefur verið gerður á síðustu árum.


⁴ Árni Einarsson, Oddgeir Hansson & Orri Vésteinsson 2002. An extensive system of medieval earthworks in North Iceland. *Archaeologia Islandica* 2.



Mynd 11. Garðlagakerfið á Narfastöðum og nágrenni. Kortið sýnir staðetningu prufuskurða (10 og 11).

Árið 2006 var rannsókn á garðlögum á vettvangi haldið áfram og voru þær unnar undir stjórn Oscar Aldred. Aðrir þátttakendur voru Óskar Gísli Sveinbjarnarson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Stefan Ólafsson og Sólveig Guðmundsdóttir Beck. Rannsóknin er samstarfsverkefni Fornleifafélagsins og Fornleifastofnunar, en jafnframt liður í hinn stóru garðlagarannsókn sem Árni Einarsson líffræðingur hefur staðið fyrir og unnið ásamt Orra Vésteinssyni, Oddgeiri Hanssyni, Christian Keller, Birnu Lárusdóttur og fleirum.

Grafir voru skurðir á 11 stöðum í garðlög á Þegjandadal, Fljótshéiði og hjá Narfastöðum. Um rannsóknir á hinum 2 fyrrnefndu stöðum verður fjallað á öðrum vettvangi, en hér skal stuttlega greint frá athugunum á Narfastöðum. Þar voru grafir tveir skurðir (nr 10 og 11), 1 m breiðir hvor, og bygging garðanna athuguð og afstaða þeirra til gjóskulaga. Reyndist annar garðurinn frá tímabilinu 871-1158, en hinn frá 1300-1477. Ekki er völ á nákvæmari tímasetningu en þeirri sem afstaða gjóskulaga gefur. Þó er ljóst að aðferðin gefur góða raun og ef haldið verður áfram athugunum á garðlögum í héraðinu má vænta þess að unnt verði að rekja þróunarsögu garðakerfisins á miðöldum.



Mynd 12. Snið og grunnmynd prufuskurðar (nr 11) að Narfastöðum í Reykjadal.



Mynd 13. Þversnið í garðlag á Narfastöðum (suðurhlið skurðar nr. 11)



Mynd 14. Stefán Ólafsson og Sólveig Guðmundsdóttir Beck við uppgröft 2006.